

256. fundur 9. nóvember 2006

## 256. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps fimmtudaginn 9. nóvember 2006 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sigurbjörg Daníelsdóttir og Óskar Steingrímsson sem ritar fundargerð.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Dagskrá:

### Fundargerðir:

1. Fundargerð 255. funda hreppsnefndar 12. okt.. 2006. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 6. nóv. 2006. Samþykkt.nema bent er á lið c) og telur hreppsnefnd að það þurfi að auglýsa eftir stuðningsfulltrúum sem fyrst.
3. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 1. nóvember 2006. Samþykkt.

### Til afgreiðslu:

1. Fræðslumiðstöð Vestfjarða: Boð um aðstoð við gerð og rekstur símenntunaráætlunar fyrir starfsmenn sveitarfélaga á Vestfjörðum. Sveitarstjóra falið að kanna kosti þessa verkefnis með þarfir Reykhólahrepps að leiðarljósi.
2. Samráðshópur um nýtt álagningarkerfi fasteignagjalda: Vill Reykhólahreppur nýta sér nýjan möguleika til að framkvæma sjálfvirkan útreikning afsláttar af fasteignagjöldum elli- og örorkulífeyrisþega þegar fasteignagjöld verða lögð á í Landskrá fasteinga frá 1. jan. 2007? Sveitarstjóra falið að kanna málið.
3. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi: Beiðni um styrk vegna menntasmiðju kvenna á Vesturlandi. Samþykkt að styrkja miðstöðina um kr. 25.000 per nemenda frá Reykhólahreppi.
4. Vegagerð ríkisins sækir um framkvæmdaleyfi fyrir vegarkaflann Skálanes-Eyrará í Kollafirði. Framkvæmdaleyfi fyrir þennan kafla samþykkt.
5. Landbúnaðaráðuneytið óskar eftir umsögn Reykhólahrepps vegna hugsanlegar sölu á u.þ.b. 4 ha af afgirtu landi sem Jón Ólafsson og Birna Sigurjónsdóttir hafa haft á leigu af landi Barma frá árinu 1972. Sveitarstjórn Reykhólahrepps er samþykk því að Jóni og Birnu verði seldur sá hluti jarðarinnar Barma sem þau hafa haft á leigu samkvæmt leigusamningi frá 16. ágúst 1972 og jafnframt það land til viðbótar sem er innan núverandi girðingar (9.nóv.20006).
6. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2006 haldin 16. og 17. nóv. n.k. Ákveðið að Óskar og Sigurbjörg fari á ráðstefnuna.
7. Stígamót: Beiðni um fjárstyrk. Reykhólahreppur telur sér því miður ekki fært að veita styrk í þessa mikilvægu starfsemi sem Stígamót er þar sem Reykhólahreppur þarf að beita miklu aðhaldi í öllum sínum rekstri til að endar nái saman. Jafnframt er skorað á Alþingi að sjá til þess að Stígamótum sé tryggt nægt rekstrarfé í þess sjálfsögðu þjónustu við alla landsmenn.

Til kynningar:

1. Ályktun frá aðalfundi Skógræktarfélagi Íslands um að skógrækt fái aukid vægi í aðal- og deiliskipulagsáætlunum.
2. Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslustöðvarinnar í Búðardal.

Önnur mál:

1. Beiðni um styrk frá Vímulausri æsku. Erindinu hafnað
2. Bréf frá Álfarlandi ehf. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.
3. Fjárhagsáætlun Heilbrigisefirlits Vestfjarða. Samþykkt.
4. Ákvörðun álagings í Reykhólahreppi, útsvar, fasteignagjöld og lóðaleiga. Samþykkt að útsvarsprósentan verði 13,03%. Samþykkt að fasteignagjöld verði: A-gjöld 0,45% og B-gjöld 1,5% Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega ákveðinn 25% að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lóðaleiga ákveðin 31 króna á fermetra lóðar sem lágmarksgjald eða 4% af fasteignamatí lóðar.
5. Kynning á málþingi um heilsutengda ferðaþjónustu haldin á Húsavík. Sigurbjörg sagði fundinum frá málþinginu sem var mjög athyglisvert.
6. Vegamál. Beiðni til Vegagerðarinnar um breikkun slitlags. Sveitarstjóra falið að senda bréf til Vegagerðarinnar með beiðni um breikkun slitlags á þjóðvegi 606 og 607.
7. Lóðaleigusamningur um lóð undir læknishúsið í Flatey. Sveitarstjóra heimilað að ganga frá lóðaleigusamningi.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl.: 19:23.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)  
Egill Sigurbjörnsson (sign)  
Rebekka Eiríksdóttir (sign)  
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)  
Karl Kristjánsson (sign)  
Óskar Steingrímsson (sign)